

Föstudagurinn 18. október 1996 kl. 14:15

81. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 34/1996

**Kvörtun Parkethússins hf. yfir auglýsingu
Ofnasmiðjunnar hf. á Pergo parketi**

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 11. apríl 1996, kvartar Parkethúsið hf. yfir auglýsingu frá Ofnasmiðjunni hf. Í kvörtuninni segir m.a.:

„Mánudagskvöldið 8. apríl s.l. kl. 21.30, birtist í Ríkissjónvarpi auglýsing frá hf. Ofnasmiðjunni í Reykjavík þar sem fram kom svo hljóðandi texti:

„Alvöru parket fyrir lifandi fólk, ...eik og beyki“

Þetta er ekki einungis villandi heldur beinlínis ósatt. Gólfefnið sem þarna var auglýst er ekki viðargólf og getur því ekki talist vera parket og enn síður eik eða beyki.“

II.

Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun sendi kvörtunina til umsagnar Ofnasmiðjunnar og er svar fyrirtækisins dags. 3. maí 1996. Þar segir m.a.:

„Pergo parket er alvöru gólfefni fyrir lifandi fólk og litirnir sem voru á tilboði voru eik og beyki.

Pergo parket er ný hönnun á parketi í þeirri merkingu að það er lagskipt parket unnið úr afgangsviði sem er þéttpressaður saman. Pergo parket er því viðargólf og hegðar sér eins og viðargólf á alla vegu, varðandi hreyfingu og rakapól.

Pergo parket er alvöru gólfefni í þeirri merkingu að þetta parket hefur margfalt slitþol á við hefðbundið viðarparket og sameinar bæði fallett útlit og mikinn slitstyrk sem hið hefðbundna viðarparket hefur ekki getað uppfyllt til þessa...

Pergo parket er lagskipt þéttpressað viðarkurl og trjákvöða líkt og spónaparket er pressaður afgangsviður í gegn. Eini munurinn á spónaparketi og Pergo parketi sem er óneitanlega nýjung á þessu gólfklæðningarsviði, er efsta yfirborðið ásamt þéttleika pressunnar...

Parket er... tökuorð í okkar máli og ekki talin góð íslenska að mati íslenskufræðinga. Síðan er spurning um orðskýringu og venjur í okkar málfari um merkingu orðsins parket. Pergo fellur vel að almennri orðskýringu um parket þar sem lögð er áhersla á það að til þess að gólfklæðning geti talist parket, verði hún að vera gerð úr viði.“

Þá er rakið að í tíu ár, eða fram til ársins 1992, hafi Pergo verið kallað plastparket en það sé villandi þar sem plast sé dautt efni en meginuppistaðan í Pergo sé viðarkurl og trjákvöða. Síðan segir:

„Sú ákvörðun var tekin árið 1992 í samráði við framleiðanda og málfarsráðunaut hjá Orðabók Háskóla Íslands að kalla þetta gólfklæðningarefni Pergo parket á þeirri forsendu að hefð væri komin á það að gólfklæðningarefni úr viði hefðu það sammerkt að bera heitið parket, samanber spónaparket þó um nýja hönnun á parketi væri að ræða þ.e.a.s. unnið úr afgangsviði. Tilgangurinn með þessari nafnabreytingu var að markaðurinn kallaði Pergoið, plastparket vegna vanþekkingar á þessu nýja parketi og það var ákveðið að kollvarpa rangnefninu og tímabært að fá réttnefnið Pergo parket.“

Með bréfi Ofnasmiðjunnar fylgdi kynningarbæklingur þeirra um gólfefnið en þar segir í kafla sem kallast „Staðreyndir um Pergo parketið“:

„Hver gólfjöfjöl saman stendur af þremur meginþáttum:

Yfirborðið er úr einstaklega slitsterku efni. Það hrindir frá sér vætu, fitu og óhreinindum. Yfirborðið er límt á viðarkjarna sem svipar til stoðlaga í venjulegu parketi. Kjarninn þolir raka og hitabreytingar sem eru tíðar á heimilum og í fyrirtækjum.

Undirstaðan er límd við kjarnann en hún veitir fjölinni stuðning og stöðugleika auk þess sem hún er einstaklega rakapólin.

Yfirborðið er lagskipt.

Yfirborðið á Pergo parketinu er lagskipt og eru lögin framleidd og sett saman við mikinn hita og undir háum þrýstingi.

Lögin á fullgerðri Pergo fjöl eru þrjú og gegna þau hvert sínu hlutverki:

Yfirlagið - gefur fjölinni áferð og slitþol.

Mynsturlagið - gefur fjölinni útlit, mynstur og lit.

Grunnlagið - gefur fjölinni styrk, hitaþol o.fl.“

Í bæklingnum má sjá myndir af mismunandi útliti Pergo. Þar eru t.d., auk viðarútlits, fimm litaafbrigði af marmara, svart granít og mynstur með ámáluðum sumarblómum.

2.

Bréf Ofnasmiðjunnar var sent Parkethúsinu til umsagnar og er svarbréf þeirra dags. 15. maí 1996. Þar kemur fram sú skoðun að eik og beyki geti aldrei verið litir heldur séu það trjátegundir. Í auglýsingu Ofnasmiðjunnar hafi ekki verið minnst á að átt væri við liti. Auglýsingin væri því villandi. Þá er óskað upplýsinga um hvort Pergo sé selt sem parket í öðrum löndum og ef svo sé, þá hvar?

3.

Þar sem Pergo er framleitt í Svíþjóð óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum frá Konsumentverket í Svíþjóð. Samkvæmt upplýsingum þeirra er Pergo sk. „laminatgolv“ og fellur ekki undir það sem þar í landi er nefnt

parket. Parket sé hægt að slípa við slit en það sé ekki hægt að gera við „laminatgolv“.

Þá sendi Konsumentverket stofnuninni sænska kynningarbæklinginn um Pergo en sá íslenski frá Ofnasmiðjunni er þýðing og staðfæring hans.

Í sænska bæklingnum er hvergi minnst á að Pergo sé parket heldur eru orðin „Original Pergo“ notuð þar sem segir „Pergo parket“ í þeim íslenska. Í sænsku útgáfunni er auk þess alltaf talað um „laminatgolv“. Þá segir t.d. á blaðsíðu þrjú í bæklingnum í íslensku útgáfunni:

„Frá því við kynntum fyrsta Pergo parketið fyrir 15 árum...“

þar sem í sænsku útgáfunni segir:

„För 15 år sedan lanserade vi Pergo Original, världens första laminatgolv.“

4.

Í orðabók Menningarsjóðs frá árinu 1983 segir um parket:

„regluleg viðarstykki felld saman í gólf, tíglagólf.“

Í Íslensku alfræðiorðabókinni sem gefin var út árið 1990 segir:

„**parket:** gólfklæðning úr harðviðarstöfum sem ýmist eru límdir saman í gólfborð og lagðir lausir á undirlag (fljótandi parket) eða límdir á undirlag (stafa-parket), stundum í ákveðið munstur. p er ýmist gegnheilt eða úr 4–6 mm þykkum harðviðarspæni sem límdur er ofan á ódýrari við og er þá krosslímt.“

Samkvæmt upplýsingum frá Orðabók Háskólans er hvorki til skilgreining á orðinu Pergo né parketi. Þar kannast menn heldur ekki við að hafa tekið afstöðu til orðanna Pergo parket, enda sé það ekki á sviði Orðabókarinnar að taka afstöðu til orða sem ekki eru íslensk. Vísaði fulltrúi Orðabókarinnar til Íslenskrar málstöðvar.

Hjá Íslenskri málstöð er hvorugt orðið talið íslenska. Þar er sagt hugsanlegt að á árinu 1992 hafi komið fyrirspurn um orðin Pergo og parket en þar sem

hvorugt orðanna sé íslenskt hafi fulltrúi Íslenskrar málstöðvar ekki tekið afstöðu til þess hvernig fyrirtækið noti orðin, sitt í hvoru lagi eða saman.

5.

Hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins fengust þær upplýsingar að Pergo hefði verið sent þangað til skoðunar. Rannsóknastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að Pergo væri með mynd af viði undir plastyfirborði og kölluðu þeir það ýmist parketlíki eða gólfefni.

III.

Umfjöllun auglýsinganefndar

Hinn 30. maí 1996 var kvörtun Parketshússins rædd á fundi ráðgjafarnefndar Samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, og var niðurstaða hennar eftirfarandi:

„Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er yfirlag Pergo gólfefnisins úr plasti en undirlag úr trjákoðu. Miðað við almennan skilning á orðinu parketi er átt við gólfklæðningu úr viði, ýmist gegnheilum eða spónlögðum. Notkun Ofnasmiðjunnar á orðinu „Pergo parketi“ telst því villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga.“

Niðurstaðan var kynnt Ofnasmiðjunni og jafnframt var þeim tilmælum beint til fyrirtækisins að hætta að nota orðið parket yfir Pergo.

IV.

Frekari málsmeðferð

1.

Í framhaldi af tilmælum Samkeppnisstofnunar barst bréf frá lögmanni Ofnasmiðjunnar, dags. 12. júní 1996, þar sem segir m.a.:

„Í bréfi yðar teljið þér almenna þýðingu orðsins parket vera „gólfklæðningu úr viði, ýmist gegnheilum eða spónlögðum“. Þá hefur gólfefni, gert úr viðarflögum s.k. spónaparket verið auglýst og selt um árabil undir heitinu parket. Ekki virðist því gerð krafa um að yfirborð gólfefnis sé með útlit trjáviðar, heldur að gólfefnið sé gert úr náttúrulegum viði.“

*Parket er þannig gólfefni úr viði, ýmist gegnheilum eða spónlögðum. Ekki þarf að fjölyrða um hvað telst vera gegnheill viður. Spónn (vener) stendur fyrir þunna plötu úr vönduðum viði, eða öðru efni sem er notað í sama tilgangi, til að líma utan á annan óvandaðri við. Um þýðingu orðsins vísast til meðfylgjandi ljósrita úr orðabókum. **Hugtakið parket stendur þannig fyrir gólfefni, gert úr náttúrulegum viði, gegnheilt eða spónlagt með viði eða öðru efni.***

Mál þetta snýst um hvort gólfefnið Pergo-parket sé þeirrar gerðar að telja meg það parket út frá skilgreiningu hugtaksins.

Þá er í bréfi lögmannsins vitnað til bæklinga frá fyrirtækinu Perstorp Flooring sem framleiðir Pergo þar sem fram koma upplýsingar um uppbyggingu og efni við þess. Með bréfi lögmannsins fylgdi íslensk þýðing úr bæklingnum en þar segir m.a. undir yfirskriftinni „Lagskiptu gólfín okkar eru náttúruleg“:

„Gólfefnið er úr tré og pappír sem límt er saman með trjákvöðu (harpixi). Á myndinni má sjá hvernig gólfjölin er samsett. Efst er yfirlag frá Perstorp úr pappír gegnvættum með trjákvöðu, sem svo er „bakað“ saman í einsleitt lag undir miklum þrýstingi. Pappírinn er óbleiktur eða þá í einstaka tilvikum bleiktur án klórs. Mynstrið er prentað með vatnsleysanlegum, lífrænum lit. Stærstur hluti gólfjalarinnar er svo úr plötu, sem sérstaklega var þróuð á rannsóknadeild okkar. Hún er úr tréflísnum og lími, sem svo er pressað saman undir mjög miklum þrýstingi. Platan er afspyrnu hörð og sterk og hentar því sérstaklega vel í slitsterkt gólfefni.

Við notum aðeins tréflísar úr greni, furu og öðrum norrænum trjátegundum þar sem nýliðun er meiri en nýtingin. Að stærstum hluta er hér um að ræða úrgang frá sögunarmyllum og timburiðnaði, sem hefði annars verið brenndur. Í stað þess að brenna hann fáum við úrganginn „lánaðan“ í nokkra áratugi og notum hann í gólf. Þegar lagskipta gólfíð hefur gert sitt má brenna það og endurnýta það þannig sem orku.

Í lagskipt gólf notum við aldrei trjátegundir úr regnskógum, harðvið eða villiskógatré.“

Lögmaðurinn ítrekar efnislýsingu Perstorp Flooring á Pergo og bendir á að sk. spónaparket sé líkt Pergo að uppbyggingu, þ.e. að það sé unnið úr spónaflögum lögðum í lím. Spónaparket hafi um árabíl verið auglýst og selt undir heitinu parket.

Lögmaðurinn telur það ekki skipta máli að Svíar kalli Pergo „*laminatgolv*“ en ekki parket. Orðið „*lamine*“ merki að líma saman mismunandi lög. Síðan segir:

„Laminat stendur þannig fyrir yfirborðsefni gólfsins sem... samanstendur af pappír gegnvættum með trjákvodu, bökuðum saman í einsleitt lag undir miklum þrýstingi. Eins og allir vita er pappír unninn úr tré og trjákvoda sömuleiðis. Gólfplatan sjálf er gerð úr samlímdu tré.“

Þá segir lögmaðurinn frá því að allt parket sé með yfirborðsefni sem auki slit-þol og að enginn munur sé á glæru, þurru lakki og plastfilmu. Yfirborðið breyti ekki gerð gólfefnisins. Sé gólfið úr tré er það trégólf án tillits til yfirborðsmeðferðar. Að lokum segir:

„Ekki skiptir máli hvort Pergo er kynnt eða selt í öðrum löndum sem parket eða ekki. Það sem skiptir máli er hvort Pergo hefur þá eiginleika að teljast viðargólf og falla þannig undir skilgreiningu hugtaksins parket. Telja verður óbyggjandi að gerð Pergo-parkets sé slík að það falli undir skilgreiningu orðsins.“

Að teknu tilliti til ofangreinds telur Ofnasmiðjan hf. ekki ástæðu til að fara að tilmælum Samkeppnisstofnunar og mun eftir sem áður nota orðið Pergo-parket um gólfefnið.“

Með bréfi lögmannsins fylgdu ljósrit úr orðabókum, bæklingur frá Perstorp Floorings, íslensk þýðing úr framangreindum bæklingi og yfirlýsing Leif Johansen, starfsmanns Perstorp, um uppbyggingu Pergo þar sem fram kemur að Pergo sé 80% viður og 20% lím. Bréfinu fylgdi einnig auglýsing Húsa-smiðjunnar á Scandic parketi, gegnheilu spónaparketi.

2.

Þar sem afstaða fyrirtækisins til tilmæla Samkeppnisstofnunar auk nýrra upplýsinga studdum ýmsum gögnum koma fram í framangreindu bréfi lög-

manns Ofnasmiðjunnar var málið tekið fyrir að nýju á fundi auglýsinganefndar þann 19. júní sl. Niðurstaða fundarins var eftirfarandi bókun:

„Með vísan til fyrri bókunar auglýsinganefndar og með vísan til þess að í framleiðslulandi vörunnar er þetta gólfefni ekki kallað parket sem og með tilliti til íslenskrar málvenju þá samþykkir auglýsinganefnd að leggja til við Samkeppnisráð að Ofnasmiðjunni verði bannað að auglýsa Pergo gólfefni sem parket.“

Niðurstaða auglýsinganefndar var send Ofnasmiðjunni auk þess sem fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum.

3.

Athugasemdir Ofnasmiðjunnar bárust með bréfi lögmanns fyrirtækisins, dags. 16. júlí 1996. Þar eru ítrekuð fyrri rök um að Pergo falli fullkomlega undir skilgreiningu á parketi og ekki síður en sk. spónaparket. Síðan segir:

„Ofnasmiðjan hf. selur jafnframt liti í Pergo-parketi sem eru ekki með viðarútliti. Slíkt efni hefur verið notað og selt á gólf. Kaupandanum er ljóst að um er að ræða við, með t.d. marmaralit. Viður er og verður notaður á mismunandi hátt. Spónaplötur eru lagðar á vegg og í loft án þess að nokkur villist á þeim og spónaparketi.“

Þá er enn ítrekað að það skipti ekki máli að Pergo sé ekki selt eða kynnt í Svíþjóð sem parket og markaðssetning hérlendis sé gerð með vitund og vilja framleiðanda enda hefð fyrir því að gólfefni úr viði hafi hér samnefnið parket. Þá segir:

„Ofnasmiðjan hf. hefur í engu veitt rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum sínum um Pergo-parket. Gólfefnið hefur verið auglýst og kynnt sem viðargólf, sem það er og fyrir slíkt gólfefni, er málvenja hér á landi að nota hugtakið parket. Væri annað hugtak notað um gólfefnið hlyti það að teljast villandi. Líta verður til hins almenna neytanda og þess hvað almennt er talið felast í hugtakinu „parket“.“

Í lok bréfsins tekur lögmaðurinn fram að samkeppnislögum sé ekki ætlað að koma í veg fyrir réttmæta samkeppni heldur að efla virka samkeppni með því

að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Ljóst sé að aukinni eftirspurn eftir Pergo fylgi hugsanlega minni eftirspurn eftir öðrum gólfefnum.

4.

Samkeppnisstofnun fór þess á leit við orðanefnd Arkitektafélags Íslands að nefndin skilgreindi hvaða eiginleikum gólfefni þurfi að búa yfir til að mega kallast parket. Í svari orðanefndarinnar, dags. 23. september 1996, segir:

„Orðanefnd Arkitektafélags Íslands er sammála eftirfarandi skilgreiningu á orðinu sem fram kemur í Íslensku alfræðiorðabókinni og er hliðstæð skilgreiningum á norrænu tungumálunum, ensku, þýsku og frönsku:

Gólfklæðning úr harðviðarstöfum, sem ýmist eru límdir saman í gólfborð og lagðir lausir á undirlag (fljótandi parket) eða límdir á undirlag (stafaparket), stundum í ákveðið munstur. Þ er ýmist gegnheilt eða úr 4–6 mm þykkum harðviðarspæni sem límdu er ofan á ódýrari við og er þá krosslím.

Samkvæmt þessari skilgreiningu er rangt að nota orðið parket yfir gólfefni sem líkja eftir viðaráferð með ljósmyndun eða annarri tækni.“

5.

Skilgreining orðanefndar Arkitektafélags Íslands var send Ofnasmiðjunni til umsagnar og í svari lögmanns þeirra, dags. 10. október 1996, segir m.a.:

„Svo virðist sem Arkitektafélagið sé sammála því að hugtakið nái yfir gólfklæðningu úr viði, ýmist gegnheilum eða spónlögðum. Arkitektafélag Íslands dregur síðan þá ályktun að rangt sé að nota orðið parket yfir gólfefni sem líkja eftir viðaráferð með ljósmyndun eða annarri tækni. Ekki verður séð hvernig unnt er að draga þá ályktun af umræddri orðskýringu og er því mótmælt sem röngu.“

Þá er vitnað til skilgreiningar Haraldar Ágústssonar, viðarfræðings, sem fylgdi svari lögmannsins en þar segir:

„Undirritaður telur hugtakið parkett þýða stafi eða borð sem klædd eru á slétt undirlag og sem geta myndað ákveðið munstur.

Stafirnir eru venjulega úr heiltré en borðin marglaga. Efsta lag borðanna er venjulega úr viði eða steyptum viðarmassa. Millilagið (blindtré) liggur þvert á undir- og yfirlagið til varnar því að gólfefnið dragist saman.

Samkvæmt þessari skilgreiningu nær hugtakið parkett yfir Pergo-gólfefni.“

Í svari lögmannsins segir að skoðun Haraldar sé „*reyndar sú að ekki ætti að nota hugtakið um annað en gegnheilt parket en þar sem komin sé hefð á að kalla spónlagt parket og spónaparket þessu hugtaki, þá verði að telja að Pergo-parket falli einnig undir skilgreininguna.*“

Jafnframt fylgdi erindinu ljósrit úr Teknisk leksikon for industri og haandværk, sem gefin var út í Kaupmannahöfn árið 1943, þar sem „*hugtakið parket er talið hafa víðtæka merkingu*“. Í orðabókinni segir að parketgólf sé gólf með mynstraðri gólfklæðningu úr tré, korkplötum eða svipuðu efni. Jafnframt er vísað til frekari skilgreiningar á korkparketi þar sem fram kemur áþekk framleiðsluaðferð og við framleiðslu Pergo nema hvað korkparketið er síðan slípað og fægt („*Pladerne saves efter Presningen ud i tyndere Plader, der forsynes med Fjeder og Not paa Kanterne, slipes og poleres*“).

V.

Niðurstöður

Kvörtun Parkethússins snýr að því hvort það sé villandi að kynna Pergo sem parket. Í kvörtuninni er ekki vitnað til lagagreina en 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur þar til álita. Hún hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaáðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaáðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaáðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Af gögnum málsins má sjá að Pergo var í tíu ár, eða allt fram til ársins 1992, kallað plastparket. Þá tók Ofnasmiðjan þá ákvörðun að kynna Pergo sem parket þar sem fyrirtækinu þótti villandi að tengja það við plast. Síðan hefur Pergo athugasemdalaust verið kallað parket á Íslandi og er það að sögn Ofnasmiðjunnar gert með vitund framleiðanda, þrátt fyrir að það sé kallað „*laminatgolv*“ í framleiðslulandinu.

Fram hefur komið að Pergo er að stærstum hluta unnið úr pappír og trjáúrgangi úr sögunarmyllum og timburiðnaði. Trjáúrgangurinn og pappírinn eru límdir saman með trjákvöðu en yfirlagið er úr pappír gegnvættum með trjákvöðu sem eru bökuð saman undir miklum þrýstingi. Mynstrið, hvort sem það er með viðarútliti, marmaraútliti eða öðru er prentað á pappírinn með vatnsleysanlegum, lífrænum lit. Undirlagið er síðan plata úr tréflísnum og lími. Viðartegundirnar greni, fura og aðrar norrænar trjátegundir eru notaðar í Pergo en harðviður er aldrei notaður. Pergo er að 80 hundraðshlutum viðarafurð og 20 hundraðshlutum lím.

Þá kemur fram í gögnum frá Ofnasmiðjunni að gólfefni úr viðarspæni, sk. spónaparket, hafi verið auglýst og selt undir heitinu parket hér á landi. Þar af leiði að ekki virðist sem krafa sé gerð um að yfirborð gólfefnis sé með útliti trjáviðar, heldur að gólfefnið sé gert úr náttúrulegum viði. Það eigi einmitt við um Pergo.

Ekki er deilt um að Pergo sé unnið úr viði heldur hvort það sé villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga að kynna Pergo sem parket. Ekki er heldur deilt um að Pergo falli undir þær skilgreiningar þar sem gólfefnið þarf að vera gegnheilt til að mega kallast parket. Ágreiningurinn í máli þessu snýst um hvort segja meggi að Pergo falli undir spónlagt parket.

Í því skyni að fá úr þessu skorið hefur Samkeppnisstofnun m.a. aflað upplýsinga frá Svíþjóð, framleiðslulandi Pergo. Þar í landi er Pergo ekki kallað parket og neytendayfirvöld telja að slíkt kæmi ekki til greina enda ekki hægt að slípa Pergo við slit eins og parket.

Samkvæmt fyrnefndri Teknisk leksikon þar sem parket er talið vera gólfklæðning úr tré, korki og því um líku er við nánari skilgreiningu á

korkparketi sérstaklega vísað til þess að hægt sé að slípa gólfjölinu. Pergo er hins vegar ekki hægt að slípa.

Starfsmenn Orðabókar Háskólans og Íslenskrar málstöðvar telja parket ekki íslenskt orð og taka því ekki afstöðu til skilgreiningar á því gólfefni sem undir orðið fellur.

Í Íslensku alfræðiorðabókinni er parket skilgreint sem annað hvort gegnheilt eða með harðviðarspæni sem er límdu á ódýrari við og á þá skilgreiningu fellst orðanefnd Arkitektafélags Íslands, sem stofnunin leitaði til. Orðanefndin tekur fram að samkvæmt þessari skilgreiningu sé rangt að nota orðið parket yfir gólfefni sem líki eftir viðaráferð með ljósmyndun eða annarri tækni.

Samkvæmt upplýsingum frá Ofnasmiðjunni er Pergo samsett og framleitt með sama hætti, hvort sem endanleg framleiðsla er kölluð eik, mahóní, rauður marmari eða svart granít. Útlitið ræðst af ljósmynd sem prentuð er á pappír í efsta lag gólfjalarinnar.

Ofnasmiðjan telur að Pergo falli undir skilgreiningu á spónlögðu parketi þar sem spónn geti jafnt verið úr viði sem öðru efni sem notað er í sama tilgangi, þ.e. til að líma utan á annan óvandaðri við. Íslenska alfræðiorðabókin og orðanefnd Arkitektafélags Íslands taka aftur á móti fram að til að parket geti talist spónlagt þurfi ódýrari viður að vera klæddur með harðviðarspæni.

Erindi Parkethússins hefur verið rætt á tveimur fundum auglýsinganefndar, þann 30. maí og 19. júní sl., og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að notkun Ofnasmiðjunnar á orðinu parketi yfir Pergo væri villandi og því í andstöðu við 21. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða nefndarinnar byggist á því að almennur skilningur á orðinu parketi nái ekki yfir Pergo og það sé andstætt íslenskri málvenju að kalla það parket. Síðast en ekki síst skipti það miklu máli að í framleiðslulandi Pergo sé það ekki kallað parket og neytendayfirvöld þar telja að slíkt kæmi ekki til greina.

Að mati Samkeppnisráðs er almenn túlkun á orðinu parketi sú að átt er við gólfklæðningu úr gegnheilum viði eða úr harðviðarspæni sem límdu er ofan á ódýrari við. Túlkun þessi er í samræmi við túlkun nágrannaþjóða á orðinu parket. Pergo fellur ekki undir þessa túlkun. Í nágrannalöndum okkar hefur Pergo verið nefnt „*laminatgolv*“ en ekki parket. Jafnframt er við skilgreiningu

á því hvort tiltekið gólfefni geti fallið undir orðið parket litið til þess hvort unnt sé að slípa það við slit. Gögn málsins gefa til kynna að ekki sé unnt að slípa Pergo.

Samkvæmt 21. gr. samkeppnislaga er óheimilt að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti. Með hliðsjón af niðurstöðu auglýsinganefndar í máli þessu og þegar litið er til þess að Pergo getur vegna eiginleika sinna hvorki hér á landi eða í framleiðslulandinu fallið undir skilgreiningu á orðinu parket, er það mat Samkeppnisráðs að það sé villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga að Pergo sé auglýst eða kynnt sem parket.

VI.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Ofnasmiðjunni hf., Háteigsvegi 7, Reykjavík, að auglýsa eða kynna Pergo sem parket þar sem það sé villandi.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 15/1996](#)]